

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Breyting á deiliskipulagi Hóla- og Túnahverfis, Dalvík.
Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 18. mars 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hóla- og Túnahverfi.

Breytingin tekur til lóðar nr. 10 við Hringtún og felur í sér að heimilt verður að reisa á lóðinni parhús á einni hæð í stað einbýlishúss á einni hæð. Þá stækkar byggingarreitur um 1 m til norðurs en leyfilegt hámarksbyggingarmagn verður óbreytt.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Dalvíkurbyggðar, 24. mars 2025,

María Markúsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 7. apríl 2025